

Nd.

539. Tillaga til þingsályktunar

[263. mál]

um aðstoð við vangefna og fjölfatlaða.

Flm.: Ragnildur Helgadóttir.

Alþingi skorar á ríkisstjórnina að undirbúa hið fyrsta ráðstafanir til að bæta aðstöðu vangefinna og fjölfatlaðra, m. a. með aukningu hjálparstofnana vegna þeirra, sem dveljast í heimahúsum, og aukningu hjúkrunarrýma fyrir þá, sem eiga við þessi vanheilindi á háu stigi að stríða.

Greinargerð.

Undanfarið hafa talsverðar umræður átt sér stað, sem leitt hafa hugann að því, að ekki sé nægilega vel séð fyrir aðstoð við vangefna og fjölfatlaða af þjóðfélagsins hálfu. Engan veginn skulu þó vanmetin þau framfaraspor, sem í þessum málum hafa verið stigin, svo sem dagvistun, sérkennsla og örorkubætur vegna barna, svo að nokkuð sé nefnt.

Fjöldi foreldra vangefinna barna og fjölfatlaðra vill, ef nokkur kostur er, fremur annast þau í heimahúsum en vista þau á stofnunum. Þarf ekki að ræða það, hvers virði það er þessum einstaklingum að njóta foreldraumhyggju. En ef til vill eru of fáir, sem hugsa út í það, hvílikt álag slík umönnun getur verið foreldrum eða aðstandendum. Það er ekki einfalt mál fyrir það fólk að njóta hvíldar smátíma, þótt þreki þess geti ella hæglega verið ofboðið. Oft vakna líka vandasarar spurningar og áhyggjur í sambandi við uppeldi og aðhlyningu þessa vanheila fólks.

Hjálparstofnanir, sem veitt gætu þessum foreldrum ýmiss konar aðstoð og leiðbeiningar og tekið gætu að sér umönnun þessara einstaklinga smátíma í senn stöku sinnum, t. d. nokkra daga, gætu orðið að ómetanlegu liði og í sumum tilvikum forðað uppgjöf.

Við hið daglega álag bætist, að áhyggjur sækja á marga þessa foreldra vegna óvissu um það, hvað við taki, er þeirra nýtur ekki lengur við. Sum þessara barna eru svo illa sett, að þau virðast lenda eins og á mörkum ýmissa stofnana, milli þeirra eða jafnvel utan við þær vegna þrengsla og skorts á möguleikum í þeim stofnunum, sem fyrir eru.

Önnur eru bæði vangefin og auk þess svo mjög fötluð og vanheil að öðru leyti, að þau þurfa mikla hjúkrun og sérstæða umönnun. Vegna þessara einstaklinga þyrfti t. d. verulega að efla og bæta hjúkrunardeild Kópavogshælis.

Auk þessara ráðstafana er þörf á að gefa vaxandi gaum ráðstöfunum til kennslu og þjálfunar við hæfi hinna ýmsu hópa vangefinna og fjölfatlaðra og kappkosta, að nútímabekking nýtist þeim til nokkurs þroska.